



Skilgreiningar og flokkanir á fjármálafyrirtækjum og fjármálagerningum í skýrslum til Seðlabankans

Nóvember 2015

Efnisyfirlit

Almennt um efnahagsyfirlitið	6
Tilgangur gagnasöfnunar, meðferð gagna og trúnaður	6
Ýmsar skilgreiningar	7
Virði fjárhagslegra eigna og skulda	9
Flokkar stofnanaeininga	9
Atvinnufyrirtæki (S.11)	9
Fjármálageiri (S.12)	10
Opinberir aðilar (S.13)	14
Heimili (S.14)	15
Félagasamtök sem þjóna heimilum (S.15)	15
Útlönd (S2)	16
Flokkun eigna og skulda í efnahagsyfirliti	16
Sjóður og innstæður í Seðlabanka (1)	17
Seðlar og mynt (1.1)	17
Viðskiptareikningur í Seðlabanka (1.2)	17
Gjaldeyrisreikningur í Seðlabanka (1.3)	17
Innstæðubréf (1.4)	17
Bundin innlán í Seðlabanka (1.5)	17
Afleiður við Seðlabanka (1.7)	17
Hlutabréf < 10% og hlutdeildarskírteini (2)	17
Hlutabréf < 10 %	17
Hlutdeildarskírteini	18
Markaðsskuldabréf og víxlar (3)	18
Verðtryggð markaðsskuldabréf (3.1-3.4)	19
Önnur markaðsskuldabréf > 1 ár (3.2)	19
Önnur markaðsskuldabréf ≤ 1 ár (3.3)	19
Útlán og kröfur (4)	19
Innlán (4.1)	19
Útlán (4.2)	20
Hlutabréf Eignahlutur ≥ 10% Hlutir í hlutdeildarfélögum, dótturfélögum og samrekstrarfélögum (5)	21
Afleiðusamningar (6)	22
Valréttir (6.1)	23
Framvirkir samningar (6.2)	23
Vátryggingar og lífeyriseignir (7)	23
Hlutur endurtryggjenda í vátryggingarskuld (7.1)	23
Iðgjaldakröfur	23
Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka	23
Aðrar eignir (8)	23

Skatteign (8.1)	23
Rekstrarfjármunir (8.2).....	24
Óefnislegar eignir (8.3).....	24
Fastafjármunir til sölu og fullnustueignir (8.4).....	24
Aðrar innlendar eignir ót.a. (8.5)	24
Viðskiptakröfur á innlenda aðila (8.5.2).....	24
Ýmsir eignaliðir (8.5.9)	24
Viðskiptakröfur á erlenda aðila (8.9.1).....	24
Aðrar erlendar eignir ót.a. (8.9.2)	24
Skuldir við Seðlabanka (100)	24
Lántökur gegn veði (100.1)	24
Daglán (100.2)	24
Afleiðusamningar við Seðlabanka (100.3).....	24
Aðrar skuldir við Seðlabanka (100.4)	24
Verðbréfaútgáfa (101).....	25
Víkjandi lán (102)	25
Beinar lántökur (103)	25
Afleiðusamningar og skortstöður (104)	26
Valréttir (104.1).....	26
Framvirkir samningar (104.2).....	26
Skortstöður (104.4)	27
Vátrygginga-og lífeyrisskuldir (105)	27
Iðgjaldaskuld (105.1).....	27
Tjónaskuld og lífeyrisskuldir (105.2)	27
Aðrar vátryggingaskuldir (105.3).....	27
Líftryggingarskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka (105.4)	27
Lífeyrisréttindi (105.5).....	27
Aðrar skuldir (106)	28
Reiknaðar skuldbindingar (106.1)	28
Skattskuldir (106.2)	28
Annað (106.3).....	28
Aðrar erlendar skuldir (106.9).....	28
Eigið fé.....	28
Útgefið hlutafé (200).....	28
Yfirverð hlutafjár (201).....	28
Annað eigið fé (202)	28
Endurmatsbreytingar (203).....	29
Óráðstafað eigið fé (204)	29
Eigin hlutabréf (205).....	29

Hagnaður/-tap ársins (206).....	29
Arður innan árs (207)	29
Sundurliðun lífeyrisjóðslán.....	29
Nýtt útlán í mánuði	29
Heildarfjöldi útlána.....	29
Vaxtakjör	29
Fastir vextir.....	29
Breytilegir vextir.....	29
Grunnlán	29
Viðbótarlán.....	29
Viðauki 1. Flokkunartafla ÍSAT 2008.....	30
Viðauki 2. Rekstraform.....	31

Almennt um efnahagsyfirlitið

- Eyðublaðið tekur til móðurfélagsins og útibúa þess innanlands.
- Eyðublaðið samanstendur af nokkrum síðum. Fyrstu síðurnar eru eignir, skuldir og eigið fé (flípar litaðir bláir). Í þeim eru efnahagsliðir ásamt atvinnugreinaflokkun og mynntskiptingu. Skipting hlutabréfaeignar í skráð og óskráð bréf eru í sérstakri sundurliðunarsíðu sem og landaskipting erlendra liða. Ein síða er eingöngu ætluð lífeyrissjóðum; Sundurliðun lífeyrissjóðslán.
- Eftirstöðvatími í efnahagsyfirlitinu er miðaður við upphaflegan eftirstöðvatíma. Langtímalán og -kröfur haldast því áfram langtímalán/-kröfur þó svo að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.
- Eignir og skuldir eru metnar á markaðsvirði/gangvirði eða nafnverði með áföllnum vöxtum og verðbótum (sjá kafla: [Virði fjárhagslegra eigna og skulda](#))
- Allar fjárhæðir í eyðublaðinu færast í íslenskum krónum.
- Reitir sem fylla á út í eyðublaðinu eru hvítir en gráir reitir eru ýmist samlagningarreitir eða reitir sem ekki þarf að fylla út eðli málsins samkvæmt. Til að auðvelda tölvuvæðingu gagnavinnslu er gert ráð fyrir sömu atvinnugreinaflokkun undir öllum efnahagsliðum nema fyrir orlofsreikninga, viðbótarlífeyrissparnað og útlánnum til erlendra aðila í fjárfestingarsambandi. Undir sumum efnahagsliðum er því atvinnugreinaflokkun sem á ekki við. Þeir reitir hafa verið litaðir gráir.
- Nokkrir flokkunarlistar eru nauðsynlegir til að geta flokkað stofnanaeiningar í atvinnugreinar. Seðlabankinn uppfærir kennitölulistana a.m.k. árlega og oftár ef þörf krefur.
 - Vörpunartafla ÍSAT 2008 í geira og atvinnugreinar
 - Kennitölur innlánsstofnana í slitameðferð
 - Kennitölur annarra fjármálafyrirtækja í slitameðferð
 - Kennitölur peningamarkaðssjóða
 - Kennitölur annarra verðbréfa- og fjárfestingasjóða.
- Eyðublaðið er ólæst. Því er hægt að breyta uppsetningu og flokkunum. Til að gagnasendingar gangi upp er hins vegar afar mikilvægt að þau gögn sem send eru til Seðlabankans séu skv. forskrift þessa eyðublaðs.

Tilgangur gagnasöfnunar, meðferð gagna og trúnaður

Efnahagsyfirlit tryggingarfélaga/lífeyrissjóða/lánafyrirtækja er hluti af gagnasöfnun Seðlabankans (Sí) um stöðu innlends fjármálamarkaðar, uppgjörs greiðslujafnaðar við útlönd og erlendar stöðu þjóðarbúsins, auk þess sem það er sjálfstæð heimild um stöðu og þróun tryggingarfélaga/ lífeyrissjóða/lánafyrirtækja. Gagnasöfnunin er á grundvelli 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001. Gögnin eru nýtt innan Seðlabankans í greiningar og líkanagerð og til opinberrar hagskýrslugerðar. Niðurstöður sem birtast opinberlega í innlendum og erlendum hagskýrslum eru birtar í samandregnum yfirlitum og þess gætt að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til einstakra aðila. Í samræmi við 35. gr. laganna hefur Fjármálaeftirlitið einnig aðgang að þeim gögnum sem Seðlabankinn safnar um innlend fjármálafyrirtæki skv. samstarfssamningi sem stofnanirnar hafa gert.

Ýmsar skilgreiningar

Stofnanaeining

Til íslenska hagkerfisins teljast allar þær stofnanaeiningar (e. Institutional unit) sem eru heimilisfastar á Íslandi. Heimilisfesti telst vera þar sem stofnanaeining tekur þátt í atvinnulífi, svo marktækt sé, annað hvort til lengri tíma (ár eða meira) eða til framtíðar. Ef enginn áþreifanleiki er til staðar (nafnaskiltisfyrirtæki (e.brass plate company)) er miðað við skráningu einingarinnar¹.

Til eru tvær tegundir af stofnanaeiningum;

- Heimili
- Lagaleg (e. legal) eða félagsleg (e. social) eining.

Til að teljast stofnanaeining þarf viðkomandi efnahagsleg eining að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Geta átt eignir í eigin nafni
- Geta stofnað til skulda í eigin nafni
- Geta tekið viðskiptalegar ákvarðanir og átt í viðskiptum
- Eigin efnahagsreikningur (hafi efnahagslega þýðingu að búa hann til)

Stofnanaeiningar eru síðan flokkaðar saman í geira innan hagkerfisins á grundvelli starfsemi þeirra, hegðunar og markmiða. Hver stofnanaeining getur einungis tilheyrt einum geira.

Geiraskipting hagkerfis

Skv. þjóðhagsreikningastöðlum er stofnanaeiningum skipt í fimm mismunandi geira (S.11-S.15) auk útlanda (S.2).

1. Atvinnufyrirtæki : Stofnanaeiningar sem framleiða vörur og þjónustu til sölu á markaði. Geiri S.11.
2. Fjármálafyrirtæki : Stofnanaeiningar sem veita fjármálaþjónustu og hafa milligöngu á fjármálamarkaði. Geiri S.12.
3. Hið opinbera: Ríki og sveitarfélög. Geiri S.13.
4. Heimili: Einstaklingar einn eða fleiri, sem deila húsnæði og sameinast um útgjöld vegna fæðis og húsnæðis. Geiri S.14
5. Félagasamtök sem þjóna heimilum: Stofnanaeiningar sem framleiða vörur eða þjónustu fyrir heimili frítt eða gegn lágu verði. Geiri S.15.
6. Útlönd. Geiri S.2.

Hver geiri hefur síðan nokkra undirgeira. Flokkun þeirra má sjá í kaflanum [Flokkanir stofnanaeininga](#).

¹ Skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 er lögaðili talinn eiga heimili á Íslandi ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

Erlendur aðili/Innlendur aðili

Innlendur aðili er skilgreindur í lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og merkir sérhvern mann og lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem búa erlendis vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðs-starfsmenn til erlendra aðila. Innlendur aðili telst einnig lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmætan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Dóttur- og hlutdeildarfélag erlendis eru því erlendir aðilar, sem og útibú erlendis.

Skráð eða óskráð hlutabréf

Hlutabréf útgefin af félagi sem skráð er í kauphöll flokkast sem skráð hlutabréf en ef félag er ekki skráð í kauphöll eru hlutabréf flokkuð sem óskráð.

Eftirstöðvatími

Eftirstöðvatími í efnahagsyfirlitinu er miðaður við upphaflegan eftirstöðvatíma. Langtímalán og -kröfur haldast því áfram langtímalán/-kröfur þó svo að rauneftirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri. Tímalengdir upprunalegs eftirstöðvatíma eru tvær: Skammtíma: ≤ 1 ár og langtíma > 1 ár.

Rekstrarform

Skráning rekstrarforms aðila sem fengið hafa kennitölu í fyrirtækjaskrá RSK. Notað með ÍSAT flokkun í sömu skrá til að flokka stofnanaeiningar í geira og atvinnugreinar. Við atvinnugreinaflokkun í efnahagsyfirlitinu skipta eftirfarandi rekstrarform máli.

Rekstrarform	
K1	Ríkisstofnun
K2	Stofnun sveitarfélags
K3	Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélags
K4	Opinber aðili
KX	Útibú ríkisstofnunar/sveitarfélags
B2	Sameignarfélag opinberir aðilar
C2	Byggðasamlag (bs)
N1	Félagasamtök
N2	Áhugamannafélag
NX	Önnur félagasamtöl/áhugamannafélög
H1	Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses)

Landaskipting

Erlendir liðir eru sundurliðaðir í samræmi við reglugerð ECB [nr. 555/2012 um greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti og beina erlenda fjárfestingu](#) og miðast við „Level 3 og 4“ en hagtölur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu eru hluti af EES samningnum. Talin eru upp 42 lönd en lönd sem ekki eru talin upp á listanum er hægt að flokka undir „Önnur lönd, ótilgreind“. Þá er beðið um að viðskipti við alþjóðastofnanir s.s. ECB séu flokkuð aukalega.

Virði fjárhagslegra eigna og skulda

Eignir og skuldir eru metnar á markaðsvirði/gangvirði eða nafnvirði með áföllnum vöxtum og verðbótum.

- Markaðsvirði: Verðmat verðbréfa eins og það hefur myndast á opinberum verðbréfamarkaði.
- Gangvirði: Áætlað markaðsvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á opinberum markaði. Við mat á hlutabréfum er t.d. stuðst við sjóðstreymisgreiningar og samanburðargreiningar. Við mat á öðrum fjármálagerningum er t.d. stuðst við samanburðargreiningar og verð í síðustu viðskiptum.
- Nafnvirði: Upprunalegt nafnverð án þess að tillit sé tekið til virðisrýrnunar. Til nafnvirðis teljast áfallnir vextir og verðbætur.

Fjármálagerningar í erlendum gjaldmiðlum reiknast í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðils síðasta dag reikningsskilamánaðar.

Flokkur	Virðismat
Gull (Seðlabanki)	Markaðsvirði
SDR (Seðlabanki)	Markaðsvirði
Seðlar og mynt	Nafnvirði
Innstæður	Nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum)
Markaðsskuldabréf	Markaðs- eða gangvirði
Lán	Nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	Markaðs- eða gangvirði (eignir); nafnvirði (skuldir)
Vátrygginga- og lífeyrisskuldbindingar	Markaðs- eða gangvirði, nema fyrirframgreiðslur tryggingaiðgjalda sem eru á nafnvirði
Afleiður og kaupréttir	Markaðs- eða gangvirði
Viðskiptakröfur / skuldir	Nafnvirði með áföllnum vöxtum

Útlán eru skráð á nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum). Í þeim tilfellum þar sem útlán hafa verið keypt með afföllum/afslætti ber því að færa þau á nafnvirði en afföllin/afsláttinn á niðurfærslureikning á móti. Nafnvirði lána er síðan lækkað ef til skuldalækkunar kemur. Þá eru niðurfærslur bakfærðar höfuðstóll lækkaður og afskriftir bókaðar í rekstur.

Flokkar stofnanaeininga

Atvinnufyrirtæki (S.11)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast stofnanaeiningar sem eru lagalega sjálfstæðar og hafa framleiðslu á vörum og/eða þjónustu (sem ekki er fjármálaþjónusta) til sölu á markaði sem aðalstarfsemi. Innlend fyrirtæki teljast öll fyrirtæki sem uppfylla þetta skilyrði og eru með lögheimili á Íslandi. Útibú erlendra fyrirtækja með starfsemi hér á landi teljast því til innlendra fyrirtækja. Atvinnufyrirtækjageiranum er skipt eftir atvinnustarfsemi skv. eftirfarandi flokkun:

S. 11 Atvinnufyrirtæki	ÍSAT flokkun	Rekstrarform
Landbúnaður (S.11.LAB)	01, 02	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Fiskveiðar (S.11.SJA)	03	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Iðnaður vinnsla landbúnaðarafurða (S.11.ILA)	10.1,10.3,10.4,10.5,10.6	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Iðnaður vinnsla sjávarafurða (S.11.ISJ)	10.2	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Iðnaður annað (S.11.IAN)	05-09, 10.7- 33	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Veitur (orku- og vatnsveitur) (S.11.RAF)	35, 36	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (S.11.MAN)	41-43	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Verslun o.fl. (S.11. VEN)	45-47	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Samgöngur og flutningar (S.11. SAG)	49-53	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Þjónusta fasteignafélög (S.11.THF)	68.10 og 68.20	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Þjónusta starfsemi höfuðstöðva (S.11.THH)	70.10	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
Þjónusta annað (S.11.THA)	37-39, 55-63, 68.30, 69, 70.2-98	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
	- (84.25, 93.12, 94.12, 94.20, 94.91, 94.92 94.99)	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4, N1, N2, NX, H1, H2, HX, P1
Óflokkað (S.11.OFL)	99.99.9	Ekki rekstrarform N1, N2, NX, H1, H2, HX, P1

Fjármálageiri (S.12)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast fyrirtæki sem eru lagalega sjálfstæðar einingar og hafa fjármálaþjónustu að aðalstarfsemi, þ.m.t. trygginga- og lífeyrisþjónustu. Meðtaldar eru allar einingar sem fyrst og fremst sinna;

- Milligöngu um fjármálastarfsemi (e. Financial intermediaries) þ.e. afla fjár á markaði til útlánastarfsemi, kaupa og selja fjármálagerninga í eigin reikning.
- Fjármálalegri hliðarstarfsemi (e. Financial auxiliaries) þ.e. veita þjónustu sem tengist milligöngu á fjármálamörkuðum án þess að eignast fjármálagerningana sem þær eiga milligöngu með.
- Innbyrðis fjármálastarfsemi (e. Captive financial institution and money lenders) þ.e. bjóða fjármálaþjónustu, þar sem viðskipti með meirihluta eigna og skulda fer ekki fram á frjálsum markaði. Viðskiptin takmarkast oft við afmarkaðan hóp s.s. félög í eigu sama móðurfélags.

Fjármálageirinn er flokkaður í undirgeira skv. eftirfarandi töflu:

S. 12 Fjármálageiri	ÍSAT flokkun
Starfsemi seðlabanka (S. 121)	64.11
Innlánsstofnanir (S. 122)	64.19
Innlánsstofnanir í slitameðferð (S. 122X)	kennitölulisti
Peningamarkaðssjóðir (S. 123)	kennitölulisti
Aðrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir (S. 124)	kennitölulisti
Önnur fjármálafyrirtæki (S. 125)	64.91, 64.92 , 64.99
Önnur fjármálafyrirtæki í slitameðferð (S. 125X)	kennitölulisti
Fjármálaleg hliðarstarfsemi (S. 126)	64.30, 66.11, 66.12, 66.19, 66.21, 66.22, 66.29, 66.30
Innbyrðis fjármálastarfsemi (S. 127)	64.20
Vátryggingarfélög (S. 128)	65.11, 65.12 og 65.20
Lífeyrissjóðir (S. 129)	65.30

Seðlabanki (S.121)

Skilgreining: Stofnanaeining sem hefur það megin hlutverk að gefa út gjaldmiðil og vinna að því að viðhalda virði hans, varðveita og ávaxta gjaldeyrisvaraforða landsins ásamt því að veita lánaþyrngreiðslu til innlánsstofnana. Seðlabankar starfa oft sem banki ríkissjóðs.

Stofnanir, aðrar en Seðlabanki Íslands, sem hafa eftirlit eða umsjón með fjármálafyrirtækjum eða fjármálamörkuðum teljast ekki til þessa flokks. Þær teljast með fjármálalegri hliðarstarfsemi í S.126.

Innlánsstofnanir aðrar en seðlabankar (S.122)

Skilgreining: Stofnanaeiningar sem hafa fjármálamilligöngu að meginstarfsemi: taka við innlánnum, gefa út skuldabréf og víxla, veita lán og fjárfesta í verðbréfum fyrir eigin reikning.

Dæmi:

- a. Viðskiptabankar og sparisjóðir
- b. Innlánsdeildir kaupfélaga
- c. Póstgíró
- d. Rafeyrisfyrirtæki

	ÍSAT flokkun
Innlánsstofnanir	64.19

Innlánsstofnanir í slitameðferð (S.122X)

Skilgreining: Fjármálafyrirtæki sem höfðu starfsleyfi sem innlánsstofnanir en hafa verið settar í slita – eða nauðasamningaferli. Alþjóðlegir staðlar gera ekki ráð fyrir að fjármálafyrirtækjum í slitameðferð sé haldið aðgreindum frá starfandi fjármálafyrirtækjum. Í ljósi reynslunnar hefur SÍ ákveðið að hafa þetta aðgreint. Ef gerðir eru nauðasamningar flyst viðkomandi innlánsstofnun í aðra geira eftir því hvernig fyrirtæki verður til að loknum nauðasamningum.

- Listi yfir innlánsstofnanir í slitameðferð. Sjá kennitölulista.

Peningamarkaðssjóðir (S.123)

Skilgreining: Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Peningamarkaðssjóðir fjárfesta fyrir eigin reikning fyrst og fremst í innlánnum, hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og skammtíma verðbréfum þar sem ávöxtun tekur mið af peningamarkaðsskjöllum. Þeir gefa út hlutdeildarskírteini sem sveiflast tiltölulega lítið í verði eftir markaðsaðstæðum (e. reliable store of value), hægt er að leysa þau út með litlum fyrirvara og án umtalsverðs kostnaðar og eru því álitin ígildi innlána.

- Listi yfir peningamarkaðssjóði. Sjá kennitölulista. Flokkun skv. kennitölulista frá SÍ byggir á að sjóðir uppfyllir ofangreind skilyrði fremur en hvað þeir heita.

Aðrir verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðir (S.124)

Skilgreining: Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, aðrir en þeir sem eru flokkaðir sem peningamarkaðssjóðir. Þeir gefa út hlutdeildarskírteini og fjárfesta fyrir eigin reikning, fyrst og fremst í verðbréfum og í ófjármálalegum eignum (yfirlétt fasteignum). Verðmæti hlutdeildaskírteina getur sveiflast talsvert eftir markaðsaðstæðum og teljast því ekki ígildi

innlána. Sjóðir í þessum geira geta ýmist verið opnir (e. open ended) eða lokaðir (e. closed ended). Í opnum sjóðum eru engar takmarkanir á hve mikið af hlutdeildarskírteinum er hægt að selja. Í lokaðum sjóðum er hins vegar ákveðið hámark hlutdeildarskírteina. Þegar hámarkinu er náð er því ekki hægt að kaupa sig inni sjóðinn nema á eftirmarkaði (þ.e. þegar einhver eigandi vill selja). Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir aðrir en peningamarkaðssjóðir eru:

Dæmi:

- a. Hlutabréfasjóðir
- b. Skuldabréfasjóðir
- c. Fasteignasjóðir
- d. Sjóðasjóðir
- e. Vogunarsjóðir

Til þessa flokks teljast ekki lífeyrissjóðir. Fagfjárfestingasjóðir falla í þennan flokk. Í tilfalli framtakssjóða þá skipir máli hvort viðkomandi sjóður gefur út hlutabréf eða hlutdeildarskírteini. Einungis þeir sjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini falla í þennan flokk.

- Listi yfir aðra verðbréfa- og fjárfestingasjóði: sjá kennitölulista.

Önnur fjármálafyrirtæki (S.125)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast fjármálafyrirtæki sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að stofna til skulda, án þess þó að taka við innlánnum eða gefa út hlutdeildarskírteini, í þeim tilgangi að eignast fjáreignir. Þessi fyrirtæki afla að jafnaði fjár á fjármálamörkuðum og nota féð til að veita lán og eignast aðrar fjáreignir. Fyrirtækin eru stundum sérhæfð í að veita lán til einstakra geira hagkerfisins eða sérhæfa sig í ákv. tegundum fjármálagerninga.

Dæmi:

- a. Lánafyrirtæki
- b. Fjármögnunarleigur
- c. Fjárfestingabankar
- d. Verðbréfafyrirtæki (hafa heimild til að versla fyrir eigin reikning)
- e. Verðbréfunarfyrirtæki (e. securitization vehicles)
- f. Smálánafyrirtæki
- g. Greiðslukortafyrirtæki
- h. Lánasjóðir
- i. Sérhæfð fjármálafyrirtæki
 - I. Áhættu og þróunarfjármögnun
 - II. Fjármögnun út- og innflutnings
 - III. Kröfukaupafyrirtæki (e. factoring)

ÍSAT flokkun

Önnur fjármálafyrirtæki (S.125)

64.91, 64.92 , 64.99

Önnur fjármálafyrirtæki í slitameðferð (S.125X)

Skilgreining: Fjármálafyrirtæki, önnur en innlánsstofnanir, sem höfðu starfsleyfi en hafa verið settar í slita – eða nauðasamningaferli. Alþjóðlegir staðlar gera ekki ráð fyrir að fjármálafyrirtækjum í slitameðferð sé haldið aðgreindum frá starfandi fjármálafyrirtækjum. Í ljósi reynslunnar hefur Sí ákveðið að hafa þetta aðgreint. Ef gerðir eru nauðasamningar flyst viðkomandi innlánsstofnun í aðra geira eftir því hvernig fyrirtæki verður til að loknum nauðasamningum.

- Listi yfir önnur fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Sjá kennitölulista.

Fjármálaleg hliðarstarfsemi (S.126)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast stofnanaeiningar sem fyrst og fremst sinna starfsemi náttengdri fjármálamilligöngu með fjáreignir og skuldir án þess þó að viðkomandi fyrirtæki eignist eignirnar eða skuldi það sem það hefur milligöngu um. Hér undir falla einnig aðilar sem standa fyrir regluverki um þessa milligöngu.

Dæmi:

- Vátryggingamiðlarar
- Verðbréfamiðlarar (hafa ekki starfsleyfi til að versla fyrir eigin reikning).
- Útgáfufyrirtæki sem sjá um útgáfu verðbréfa
- Félög sem útbúa afleiður og varnir s.s. skiptasamninga, valrétti og framvirka samninga (án þess að gefa þá út)
- Félög sem sjá um innviði fjármálamarkaða s.s. rekstraraðilar greiðslukerfa
- Eftirlitsaðilar með fjármálamilliliðum og fjármálamörkuðum, þegar þeir eru sjálfstæðar stofnanaeiningar
- Rekstraraðilar verðbréfa- og fjárfestingasjóða
- Félög sem starfrækja kauphallir
- Félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og þjónusta fjármálafyrirtæki án þess að taka þátt í fjármálamilligöngu t.d. samtök fjármálafyrirtækja.
- Tryggingasjóðir innstæðueigenda.
- Greiðslustofnanir (auðvelda greiðslur milli kaupenda og seljenda) t.d. færsluhirðar.
- Höfuðstöðvar þegar dótturfyrirtæki eru öll eða flest fjármálastofnanir. Annars flokkast höfuðstöðvar með fyrirtækjum.

ÍSAT flokkun

Fjármálaleg hliðarstarfsemi (S. 126)

64.30, 66.11, 66.12, 66.19, 66.21, 66.22, 66.29, 66.30

Innbyrðis fjármálastarfsemi (S.127)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast stofnanaeiningar sem sinna fjármálamilligöngu þar sem viðskipti með eignir þeirra og skuldir fara sjaldnast fram á opnum markaði. Hér er átt við fyrirtæki sem eiga í viðskiptum innan afmarkaðs hóps (s.s. við dótturfélög eða félög í eigu sama móðurfélags).

Dæmi:

- Einingar s.s. vörslusjóðir eða „nafnaskiltisfyrirtæki“.

- b. Eignarhaldsfélög sem hafa stjórnunarvald, vegna hlutafjäreignar, í samstæðu félaga og hverra meginstarfsemi er að eiga samstæðuna án þess að veita nokkra aðra þjónustu til starfseminnar, þ.e. þau sjá ekki um stjórnun félaganna.
- c. Sértek félög (SPE). Rekstrareiningar um sérverkefni sem uppfylla skilyrði að vera stofnanaeiningar og afla fjármagns á opnum markaði til nota fyrir móðurfyrirtækið. Til að flokkast sem sjálfstæð stofnanaeining þarf félagið sjálft (auk skilyrða um [stofnanaeiningu](#)) að bera fjármálalega áhættu, annars flokkast það sem hluti af móðurfélagi. Sértek félög hafa oft ekki eigin starfsmenn og eiga yfirleitt engar efnislegar eignir s.s. fastafjármuni og hafa jafnvel ekki starfsstöðvar.
- d. Fjárfestingarsjóðir í eigu ríkisins sem stofnaðir eru til sérverkefna, svo framarlega sem sjóðurinn er flokkaður sem fjármálastofnun

Félög sem eingöngu halda utan um hlutabréf einstaklinga eru flokkuð sem sjálfstæðar rekstrareiningar í geira S. 127 Innbyrðist fjármálastarfsemi. Framtakssjóður Íslands er flokkaður í geira S.127 þar sem fjárfestar í honum kaupa hlutabréf en ekki hlutdeildarskírteini.

	ÍSAT flokkun
Innbyrðis fjármálastarfsemi (S. 127)	64.20

Tryggingafélög (S.128)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast stofnanaeiningar sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu þar sem að áhættu er safnað saman, aðallega í formi beinna trygginga eða endurtrygginga.

Þjónustan getur verið í formi:

- a. Líf- og skaðatrygginga til einstakra aðila eða hópa
- b. Endurtrygginga til annarra tryggingafélaga

	ÍSAT flokkun
Vátryggingarfélög (S. 128)	65.11, 65.12 og 65.20

Lífeyrissjóðir (S. 129)

Skilgreining: Til þessa flokks teljast stofnanaeiningar sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að tryggja sjóðsfélögum tekjur eftir starfslok eða við örorku skv. lífeyrisréttindum þeirra. Lífeyrisréttindin geta verið fyrirframskilgreind (e. defined benefit plan) þar sem réttindin eru reiknuð út frá launum, starfsaldri, eftirlaunaaldri og dánarlíkum sjóðsfélaga eða framlagstengd (e. defined contribution plan) þar sem réttindi ákvarðast af greiðslum í sjóðinn og ávöxtun eigna hans.

	ÍSAT flokkun
Lífeyrissjóðir (S. 129)	65.30

Opinberir aðilar (S.13)

Skilgreining: Til opinberra aðila teljast lagalegar stofnanaeiningar sem hafa löggjafar-, dóms- eða framkvæmdavald yfir öðrum stofnanaeiningum. Fjármögnun opinberra aðila er í gegnum

skatta og opinber gjöld. Opinberum aðilum er skipt niður eftir stjórnsýslustigum. Hér á landi eru tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög.

S. 13 Hið opinbera	ÍSAT flokkun	Rekstrarform
Ríkissjóður (S. 1311)	01-63, 68- 69, 70-98	KX, K1, K3, K4
Sveitarfélög (S. 1313)	01-63, 68- 69, 70-98	K2

Ríki (S. 1311)

Skilgreining: Hér undir falla ráðuneyti og undirstofnanir þeirra sem og löggjafarvald. Undirstofnanir mennta- og heilbrigðisráðuneyta s.s. sjúkrahús og skólar veita þjónustu sem veitt er almenningi gegn verði sem stendur ekki undir meginhluta kostnaðar. Slíkar stofnanir flokkast með opinberum aðilum. Ef undirstofnanir fjármagna rekstur sinn að megni til sjálfar með sölu vara eða þjónustu á markaði og hafa sjálfstæða starfsemi teljast þær til opinberra fyrirtækja í geira S.11. Sjá kennitölulista.

Sveitarfélög (S.1313)

Skilgreining: Til sveitarfélaga falla stjórnsýslustofnanir á vegum neðsta stjórnsýslustigs. Stofnanir sveitarfélaga sem fjármagna rekstur sinn að megni til sjálfar með sölu vara eða þjónustu á markaði og hafa sjálfstæða starfsemi teljast til opinberra fyrirtækja í geira S.11. Sjá kennitölulista.

Heimili (S.14)

Skilgreining: Einstaklingar einn eða fleiri, sem deila húsnæði og sameinast um útgjöld vegna fæðis og húsnæðis. Fyrirtæki sem rekin eru í kennitölu eiganda falla hér undir.

S.14 Heimili	ÍSAT flokkun
Heimili	Kennitala sem byrjar á 01-31 og lögheimili á Íslandi án tillits til ríkisfangs. Fyrirtæki sem rekin eru í kennitölu eiganda falla hér undir

Félagasamtök sem þjóna heimilum (S.15)

Skilgreining: Til félagasamtaka sem þjóna heimilum teljast stofnanaeiningar sem veita þjónustu án endurgjalds eða gegn mjög lágu endurgjaldi þannig að endurgjaldið hefur ekki efnahagslega þýðingu. Einkennandi fyrir félagasamtök er að þau geta ekki verið uppspretta tekna, hagnaðar eða annars fjárhagslegs ávinnings fyrir eigendur þeirra eða þá sem fjármagna þær.

Félagasamtökum sem þjóna heimilum er hægt að skipta í þrennt:

1. Þau sem framleiða vörur eða veita þjónustu til einstakra heimila gegn endurgjaldi sem hefur efnahagslega þýðingu. Þessi félagasamtök flokkast sem fyrirtæki í geira S.11.
2. Þau sem veita þjónustu til einstakra heimila án endurgjalds eða gegn endurgjaldi sem hefur ekki efnahagslega þýðingu. Þessi félagasamtök flokkast sem þjónusta við heimili.

3. Þau sem veita þjónustu til allra (e. collective services) án endurgjalds eða gegn endurgjaldi sem hefur ekki efnahagslega þýðingu. Þessar einingar flokkast sem þjónusta við heimili þar sem heimili eru endanlegur notandi þjónustunnar.

Dæmi: Stéttarfélög, fræðafélög, neytendasamtök, stjórnmalaflokkar, trúfélög, íþróttafélög, áhugafélög, menningar og tómstundafélög, góðgerðarfélög og hjálparsamtök sem byggja á frjálsum framlögum.

S. 15 Félagasamtök sem þjóna heimilum	ÍSAT flokkun	Rekstrarform
Félagasamtök sem þjóna heimilum	84.25, 93.12, 94.12, 94.20, 94.91, 94.92, 94.99,99.99	N1, N2, NX, H1, H2, HX, P1

Útlönd (S2)

Stofnanaeiningar erlendis sem hafa fjárfestingar- eða viðskiptatengsl við Ísland.

S.2 Útlönd	ÍSAT flokkun
Erlendir aðilar	99.0 og utangarðskennitölur sem eru með erlent ríkisfang, kennitala sem byrjar á 1-31 og lögheimili erlendis

Erlendum liðum er skipt í nokkra undirflokkar vegna þarfa við uppgjör á greiðslujöfnuði og erlendri stöðu þjóðarþúsins. Í fyrirtækjaskrá fá erlendir aðilar ekki ÍSAT 2008 flokkun þar sem þeir eru á svokallaðri utangarðsskrá. Hver skilaaðili fyrir sig þarf því að flokka erlenda aðila. Undirflokkar erlendra liða samsvarar eftirfarandi geiraskiptingu í stöðlum þjóðhagsreikninga.

S.2	Erlendir aðilar - undirgeirar	Samsvarar flokkum í ESA2010 og SNA2008
S.2.ERS	Seðlabankar	S.121
S.2.ERI	Innlánsstofnanir	S.122, S. 122X
S.2. ERP	Peningamarkaðssjóðir	S. 123
S.2.ERV	Aðrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	S.124
S.2.ERF	Fjármálafyrirtæki ótalin annars staðar	S.125, S. 125X, S. 126, S.127. S.128. S.129
S.2.ERO	Opinberir aðilar (ríki og sveitarfélög)	S.13
S.2.ERA	Önnur atvinnufyrirtæki, heimili og þjónusta við heimili	S.11, S.14 og S.15

Flokkun eigna og skulda í efnahagsfirliti

Eyðublaðið samanstendur af nokkrum síðum. Fyrstu síðurnar eru eignir, skuldir og eigið fé (flípar litaðir bláir). Í þeim eru efnahagsliðir ásamt atvinnugreinaflokkum og mynntskiptingu. Skipting hlutabréfaeignar í skráð og óskráð bréf eru í sérstakri sundurliðunarsíðu sem og landaskipting erlendra liða (flípar litaðir gráir). Ein síða „Sundurliðun lífeyrissjóðslán“ er eingöngu ætluð lífeyrissjóðum. Fremst er samantekt á efnahagsfirlitinu.

Tölur í sviga eiga við kaflanúmer í efnahagsfirlitinu.

Sjóður og innstæður í Seðlabanka (1)

Seðlar og mynt (1.1)

Seðlar og mynt samanstanda af peningaseðlum og mynt sem eru á föstu nafnvirði og eru gefin út af seðlabönkum eða ríkisstjórnnum. Seðlar og mynt eru þeir peningar sem eru í sjóði hjá innlánsstofnunum. Seðlar og mynt eru flokkaðir eftir gjaldmiðlum.

Viðskiptareikningur í Seðlabanka (1.2)

Innlánsreikningur í íslenskum krónum sem lánastofnanir skv. 1.-4. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er heimilt að hafa í Seðlabanka Íslands. Bindiskyld fjármálafyrirtæki leggja bindifé í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu inn á viðskiptareikning sinn. Viðskiptareikningur er jafnframt stórgreiðslureikningur sem notaður er við uppgjör fjármálafyrirtækis í greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörskerfi.

Gjaldeyrisreikningur í Seðlabanka (1.3)

Innlánsreikningur í Seðlabanka í erlendum gjaldmiðlum. Reikningar sem voru stofnaðir í kjölfar falls viðskiptabankanna í október 2008 til að liðka fyrir erlendri greiðslumiðlun. Reiknast í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla síðasta dag reikningsskilamánaðar.

Innstæðubréf (1.4)

Skammtímaskuldabréf gefin út af Seðlabanka Íslands. Bréfin eru boðin út og þátttaka í útboðunum og réttur til að eiga innstæðubréfin takmarkast við fjármálafyrirtæki í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Bundin innlán í Seðlabanka (1.5)

Innstæður í Seðlabanka sem eru með umsömdum binditíma.

Afleiður við Seðlabanka (1.7)

Skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrar tegundir afleiðusamninga sem gerðir eru við Seðlabankann. Gnóttstaða færast eignamegin en skortstaða skuldamegin.

Hlutabréf < 10% og hlutdeildarskírteini (2)

Meginreglan er sú að verðmat hlutabréfa og hlutdeildarskírteina skal byggja á markaðsverði eða jafngildi þess. Þar sem ekki er til markaðsverð er nauðsynlegt að meta gangverð (e. fair value). Ef um óskráð hlutabréf er að ræða er notað verð síðustu viðskipta eða virði heildareigna viðkomandi fyrirtækis að frádregnum öðrum skuldum en hlutafé.

Útgefin hlutabréf (eigið fé) skal þó skrá á nafnvirði.

Hlutabréf < 10 %

Hlutabréf er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins. Við slit félags koma hlutabréf til greiðslu eftir að allar aðrar skuldir viðkomandi félags hafa verið greiddar.

Þegar fjárfestir á minna en 10% hlut í fyrirtæki telst það vera hlutabréfaeign. Sé hluturinn meiri telst hann til beinnar fjárfestingar og flokkast sem hlutur í hlutdeildarfyrirtæki eða tengdu fyrirtæki.

- **Innlend hlutabréf:** Eignarhlutur (< 10%) í innlendu fyrirtæki skv. skilgreiningu um innlenda aðila.
- **Erlend hlutabréf:** Eignarhlutur (< 10%) í erlendu fyrirtæki skv. skilgreiningu um erlenda aðila.

Hlutabréf eru flokkuð eftir atvinnugreinum og gjaldmiðlum ásamt því hvort þau eru skráð eða óskráð.

Hlutdeildarskírteini

Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar, í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefina hlutdeildarskírteina. Hlutdeildarskírteini flokkast með hlutabréfum en sundurliðast í atvinnugreinaflokkun eftir því hvort um er að ræða hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðum, öðrum verðbréfa-, fjárfestinga- eða fagfjárfestasjóðum.

Hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðum (2.2.3)

Peningamarkaðssjóðir eru sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem gefa út hlutdeildarskírteini sem hægt er að leysa út með litlum fyrirvara og án umtalsverðs kostnaðar og eru því álitin ígildi innlána. Peningamarkaðssjóðir fjárfesta fyrir eigin reikning fyrst og fremst í innlánum, hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og skammtíma verðbréfum þar sem ávöxtun tekur mið af peningamarkaðsskjölum. Líftími eigna er <1 ár.

Hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfa-,fjárfestinga- eða fagfjárfestasjóðum (2.2.4)

Hlutdeildarskírteini í öðrum sjóðum en peningamarkaðssjóðum. Þessir sjóðir gefa út hlutdeildarskírteini sem ekki eru ígildi innlána og fjárfesta fyrir eigin reikning, fyrst og fremst í verðbréfum, og í ófjármálagum eignum (yfirlétt fasteignum). Sjóðir í þessum geira geta ýmist verið opnir (e. open ended) eða lokaðir (e. closed ended).

Hlutdeildarskírteini eru flokkuð eftir því hvort þau eru skráð eða óskráð og eftir gjaldmiðlum.

Markaðsskuldabréf og víxlar (3)

Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum. Ef skuldabréfið er framseljanlegt telst það markaðsskuldabréf en ef það er óframseljanlegt flokkast það sem útlán. Markaðsskuldabréf er framseljanlegt skuldabréf sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði (opnu eða lokuðu) þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Markaðsskuldabréf sem ganga kaupum og sölum á markaði skal flokka eftir því hver er útgefandi en ekki hver er seljandi. Markaðsskuldabréfum er skipt upp eftir því hvort um verðtryggð bréf er að ræða eða önnur bréf. Markaðsvíxlar falla einnig í þennan flokk og flokkast með öðrum markaðsskuldabréfum. Markaðsskuldabréf eru metin á markaðsvirði eða

jafngildi þess. Þó skal bóka markaðsskuldabréf sem ætlun er að eiga til gjalddaga á afskrifuðu kostnaðarverði (e. amortized cost).

Markaðsskuldabréf eru flokkuð eftir því hvort um verðtryggð markaðsskuldabréf er að ræða eða ekki (bréf Íbúðalánssjóðs flokkuð sér í liðum 3.1 – 3.3) ásamt upprunalegum eftirstöðvatíma (miðast við >1 ár eða ≤ 1 ár). Einnig þarf að flokka bréfin eftir atvinnugrein útgefanda og gjaldmiðli.

Verðtryggð markaðsskuldabréf (3.1-3.4)

Markaðsskuldabréf þar sem höfuðstóll bréfs er tengdur ákveðinni vísitölu, s.s. vísitölu neysluverðs eða vísitölu byggingarkostnaðar. Sjá nánar [reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001](#).

Verðtryggð markaðsskuldabréf eru húsbréf, húsnaðisbréf, íbúðabréf og önnur verðtryggð skuldabréf.

Önnur markaðsskuldabréf > 1 ár (3.2)

Markaðsskuldabréf önnur en verðtryggð þar sem upprunalegur eftirstöðvatími er yfir 1 ár.

Önnur markaðsskuldabréf ≤ 1 ár (3.3)

Markaðsskuldabréf önnur en verðtryggð þar sem upprunalegur eftirstöðvatími er 1 ár eða skemur.

Útlán og kröfur (4)

Fjáreignum í þessum lið er skipt í tvennt innstæður í bönkum og útlán. Útlán eru óframseljanlegar fjáreignirmeð föstum og útreiknanlegum greiðslum. Útlán eru mjög oft í formi skuldabréfa eða víxla en eru ekki ætluð til að versla með á eftirmarkaði og skera sig þannig frá markaðsskuldabréfum. Krafa er lögvarin heimild eins aðila til að krefjast greiðslu af öðrum aðila þ.e. skuldara.

Útlán og kröfur færast á nafnvirði með áföllnum vöxtum og verðbótum (ef um þær er að ræða). Fjáreignir í erlendum gjaldmiðlum reiknast í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðils síðasta dag reikningsskilamánaðar. Í tilfellum þar sem viðskipti eru með útlán í vanskilum eða útlán þar sem mikil óvissa ríkir um endurheimtur – og þau þar af leiðandi seld undir nafnvirði – skal færa keypt útlán á nafnvirði. Áföllin/afslátturinn færast á niðurfærslureikning á móti. Nafnvirði lána er síðan lækkað ef til skuldalækkunar kemur. Þá eru niðurfærslur bakfærðar höfuðstóll lækkaður og afskriftir bókaðar í rekstur.

Innlán (4.1)

Með innláni er átt við fjármuni sem lagðir eru inn á reikning í innlánsstofnun til ávöxtunar til lengri eða skemmri tíma. Innlánin geta verið smásöluinnlán eða heildsöluinnlán. Heildsöluinnlán eru innlán þar sem samið hefur verið sérstaklega um kjör og tímalengd viðkomandi innlána annaðhvort beint við viðkomandi innlánsstofnun eða fyrir milligöngu miðlara á peningamarkaði. Slík innlán standa almennum sparifjáreigendum almennt ekki til boða og skilmálar þeirra eru ekki staðlaðir. Smásöluinnlán eru innlán á stöðluðum reikningum með auglýstum kjörum og tímalengd.

Innlán færast á nafnvirði með áföllnum vöxtum og verðbótum (ef um þær er að ræða). Innlán í erlendum gjaldmiðlum reiknast yfir í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla síðasta dag mánaðar. Innlendir gjaldeyrisreikningar flokkast undir bundin eða óbundin innlán eftir því um hvernig innlánsreikning er að ræða.

Innlán hjá innlánsstofnunum skiptast í tvennt eftir því hvort innlánsstofnunin er innlend eða erlend.

Veltiinnlán (4.1.1.1 og 4.1.2.1)

Innlán sem eru nothæf til greiðslu til þriðja aðila með debetkortum, ávísunum eða öðrum beinum greiðslubúnaði. Innlánin geta verið í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.

Óbundin innlán (4.1.1.2 og 4.1.2.2)

Innlán sem ekki er hægt að nota beint sem greiðslu til þriðja aðila með debetkorti, ávísunum o.þ.l. en eru alltaf laus til útborgunar. Innlánin geta verið í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum. Innlán þar sem hvert innlegg er bundið í skamman tíma (nokkra daga) en reikningurinn að öðru leyti óbundinn teljast hér sem óbundin innlán.

Verðtryggð innlán (4.1.1.3)

Innstæður þar sem inneignin er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og ber þar að auki vexti. Innstæðan er bundin í ákveðinn tíma, sbr. [Reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 492/2001](#).

Önnur bundin innlán/Bundin innlán (4.1.1.4 og 4.1.2.3)

Innlán sem eru annaðhvort með umsömdum binditíma eða innstæður sem eru uppseggjanlegar eftir tilkynningu, þ.e. hafa ekki umsaminn binditíma en hægt er að breyta í laust fé með tilkynningu. Innlánin geta verið í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum. Hér undir falla peningamarkaðsinnlán þar sem samið er sértaklega um vaxtakjör og innlánstíma og öll innlánsfjárhæðin bundin allan innlánstímann (þó hann geti verið stuttur).

Útlán (4.2)

Hér eru færð útlán og kröfur. Útlán eru flokkuð eftir atvinnugrein þess sem lánað er til og tegund útlána. Þá eru öll útlán flokkuð eftir gjaldmiðlum.

Víxlar (4.2.1)

Víxill er skrifleg áskorun í ákveðnu formi frá útgefanda, til annars manns, greiðanda, um að hann greiði peninga til þriðja manns. Víxlar geta verið víxlar á hendur öðrum manni eða eigin víxlar. Með eigin víxli tekur útgefandinn sjálfur að sér að greiða víxilfjárhæð á gjalddaga. Víxlar eru jafnan óverðtryggðir og yfirleitt notaðir ef um skammtíma fjármögnun er að ræða, þ.e. 4 mánuðir eða skemur. Víxlar eru yfirleitt ekki gefnir út til lengri tíma en eins árs.

Verðtryggð útlán (4.2.2)

Verðtryggð skuldabréf eru bréf þar sem höfuðstóll breytist í samræmi við ákveðna vísitölu sem tryggir að skuldabréfið haldi verðgildi sínu. Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga. Algengt er að skuldabréf séu gefin út til 5-30 ára og þau geta ýmist verið verðtryggð eða óverðtryggð. Verðtryggð skuldabréf eru

að lágmarki til 5 ára, samkvæmt [reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár \(nr. 492/2001\)](#) og er verðtryggingin miðuð við vísitölu neysluverðs.

Verðtryggðum útlánnum til heimila er skipt í tvennt í sundurliðunarblaði útlána: „Lán með veði í íbúð“ og „Önnur lán“.

Önnur útlán og kröfur (4.2.3)

Öll skuldabréf önnur en verðtryggð t.d. óverðtryggð skuldabréf og skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum flokkast sem önnur útlán. Myntskipting er síðan í sundurliðunarblaði útlána. Hér undir falla einnig kröfur á innlánsstofnanir s.s. millibankalán. Viðskiptakröfur fara hins vegar í aðrar eignir.

Hér undir falla einnig kröfur. Krafa er lögvarin heimild eins aðila til að krefjast greiðslu af öðrum aðila þ.e. skuldara.

Útlánnum til heimila er skipt í tvennt: „Lán með veði í íbúð“ og „Önnur lán“. Lífeyrissjóðir eru jafnframt beðnir að útfylla síðuna „Sundurliðun lífeyrissjóðslán“ en þar er bæði beðið um fjölda og fjárhæð veittra lána í mánuði ásamt þeim vaxtakjörum sem eru í gildi hjá viðkomandi lífeyrissjóði í lok mánaðar. [Sjá Sundurliðun lífeyrissjóðslán](#)

Eignaleigusamningar (4.2.4)

Samheiti yfir fjármögnunarleigu og kaupleigu. Eignaleigusamningar eru ólíkir beinum lánnum að því leyti að þeir byggja á því að lánveitandinn kaupir lausafé eða fasteign sem viðskiptavinurinn óskar eftir og leigir honum til fyrirfram umsamins tíma. Þannig er eignarrétturinn helsta trygging lánveitandans.


Niðurfærslur (4.3)

Varúðarfærsla lánveitanda vegna endurheimtu útlána. Niðurfærslum er skipt í tvennt, almenna niðurfærslu og sérstaka. Almenn niðurfærsla er gerð vegna mats á áhrifum almenns efnahagsástands á væntar endurheimtur útlána. Sérstakar niðurfærslur eru hins vegar gerðar vegna mats á væntu útlánatapi einstakra viðskiptavina, þar sem vísbendingar eru um að þurfi að færa niður vegna m.a. fjárhagslegra erfiðleika lántakenda, vanskila, skilmálabreytinga vegna fjárhagslegra erfiðleika eða yfirvofandi gjaldþrots, verulegri rýrnun trygginga eða sannanlegra atburða sem benda til að áætlað framtíðargreiðslustreymi muni minnka svo mælanlegt sé. Í sundurliðunarblaði eru niðurfærslur útlána flokkaðar eftir gjaldmiðlum. Sérstakar niðurfærslur eru þar að auki flokkaðar eftir atvinnugrein lántaka og eignarhaldi fyrirtækisins.

Hlutabréf Eignahlutur \geq 10% Hlutir í hlutdeildarfélagum, dótturfélagum og samrekstrarfélagum (5)

Þegar fjárfestir á 10% eða stærrí hlut í fyrirtæki telst það vera bein fjárfesting. Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut í atvinnufyrirtæki til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Slík eign færir sem hlutur í hlutdeildar-fyrirtæki eða tengdu fyrirtæki. Með beinni fjárfestingu hefur fjárfestir stjórnunarleg áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækis í hlutfalli við stærð eignarhlutar. IFRS-staðlar gera ráð fyrir að til beinnar fjárfestingar falli þær fjárfestingar sem nái 20% eða stærrí hlut. Alþjóðlegir staðlar um hagtölur, s.s. um þjóðhagsreikninga og greiðslujöfnuð við útlönd, gera hins vegar ráð fyrir að hlutfallið sé 10% eða hærra.

- **Innlend hlutdeildarfyrtæki:** Fyrirtæki innanlands, þar sem beinn og óbeinn eignarhlutur félagsins nemur 10% -50% af eigin fé eða atkvæðisrétti.
- **Erlend hlutdeildarfyrtæki:** Fyrirtæki erlendis, þar sem beinn og óbeinn eignarhlutur félagsins nemur 10% -50% af eigin fé eða atkvæðisrétti.
- **Innlent tengt félag:** Fyrirtæki innanlands, þar sem beinn og óbeinn eignarhlutur félagsins nemur >50% af eigin fé eða atkvæðisrétti. Dótturfyrirtæki fyrirtækis eða móðurfyrirtæki þess.
- **Erlent tengt félag:** Fyrirtæki innanlands, þar sem beinn og óbeinn eignarhlutur félagsins nemur >50% af eigin fé eða atkvæðisrétti. Dótturfyrirtæki fyrirtækis eða móðurfyrirtæki þess.
- **Fellow félög:** eru eignatengd félög sem lúta stjórn (samanlagður eignarhlutur >50%) eða eru undir áhrifum (eignarhlutur 10-50%) sama félags en eru ekki undir stjórn eða áhrifum hvors annars, sbr. félag B og C á myndinni.



Meginreglan er sú að verðmat eignahluta í fyrirtækjum skal byggja á markaðsverði eða jafngildi þess. Þar sem ekki er til markaðsverð er nauðsynlegt að meta gangverð (e. fair value). Í sundurliðunarblaði eru eignarhlutir í fyrirtækjum (>10%) flokkaðir eftir því hvort þeir eru í skráðu eða óskráðu félagi og eftir gjaldmiðlum.

Afleiðusamningar (6)

Samningur þar sem uppgjörskvæði samningsins byggir á þróun einhvers þáttar s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, hlutabréfagengis, hlutabréfavísitölu eða verðs á hrávörum. Virði slíks samnings byggir á þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags og engin krafa er gerð um greiðslu í upphafi samnings. Samningur af þessu tagi er gerður upp í framtíðinni. Dæmi um afleiðusamninga eru framvirkir samningar, valréttir, vaxtaskiptasamningur eða staðlaðir framvirkir samningar. Afleiðusamningar eru flokkaðir eftir tilgangi þeirra fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki þ.e. vegna viðskipta eða vegna áhættuvarna.

Afleiðusamningar eru flokkaðir eftir tegundum samnings og innan hversrar tegundar eftir mótaðilum og gjaldmiðlum. Afleiðusamningar við Seðlabankann eru þó í köflum er varða viðskipti við Seðlabankann (kaflar 1 og 100).

Gnóttstaða samnings færast á eignahlið en skortstaða á skuldahlið. Virði hvers leggjar afleiðu færast í myntskiptingu sundurliðunarblaðs en í eignahlið/skuldahlið færast virði samningsins í heild.

Dæmi: Virði samnings er 10 (gnóttstaða) og er það fært í efnahag. Samningurinn inniheldur tvo leggi á móti ISK. Hagnaður er á legg í USD upp á 20 en tap á legg í CHF upp á -10 og eru þessir liðir færðir hvor um sig í myntskiptingu.

Valréttir (6.1)

Í valréttarsamningi eignast kaupandinn rétt á því að kaupa eða selja ákveðna undirliggjandi eign á fyrirfram ákveðnu verði á, eða fyrir, fyrirfram ákveðinni dagsetningu.

Framvirkir samningar (6.2)

Framvirkir samningar eru óskilyrtir samningar þar sem tveir aðilar samþykkja að skipta á fyrirfram ákveðnu magni af undirliggjandi eign á fyrirfram ákveðnu verði (e. strike price) á fyrirfram ákveðinni dagsetningu. Framvirkir samningar geta verið staðlaðir framvirkir samningar (e. futures) eða skiptasamningar (swaps). Algengustu tegundir skiptasamninga eru vaxtaskiptasamningar og gjaldmiðlasamningar. Vaxtaskiptasamningar kveða á um skipti á vaxtagreiðslum af höfuðstólum lána í sama gjaldmiðli, sem bera annars vegar fasta vexti og hins vegar breytilega vexti. Vaxtagreiðslurnar eru í sama gjaldmiðli og eru aðilar eingöngu að skiptast á vaxtagreiðslum lánanna en ekki höfuðstól þeirra. Gjaldmiðlaskiptasamningar kveða á um skipti á vaxtagreiðslum af höfuðstólum lána í tveimur mismunandi gjaldmiðlum.

Vátryggingar og lífeyriseignir (7)

Einungis tryggingarfélög og lífeyrissjóðir fylla út þennan kafla.

Hlutur endurtryggjenda í vátryggingarskuld (7.1)

Endurtrygging er leið til að dreifa áhættu milli tryggingarfélaga. Tryggingartaki kaupir þá tryggingu hjá tryggingarfélagi A sem tryggir sig síðan fyrir mögulegu tjóni tryggingartaka með því að kaupa móttryggingu hjá tryggingarfélagi B fyrir hluta eða öllu tjóninu. Hér undir falla kröfur vegna hlutdeildar endurtryggjenda skv. endurtryggðum vátryggingarsamningum tryggingafélags og hlutdeild í iðgjaldaskuld.

Iðgjaldakröfur

Hér undir falla ógreidd iðgjöld tryggingartaka og greiðenda í lífeyrissjóð. Hér falla einnig fyrirframgreidd iðgjöld vegna endurtrygginga tryggingafélaga.

Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka

Söfnunarlíftryggingar samanstanda af líftryggingarhluta og söfnunarhluta. Í þennan lið færast fjárfestingar fyrir söfnunarhlutann. Tryggingartakinn ber fjárfestingaráhættuna þ.e. réttindi hans í sjóðnum sem fjárfest er í taka mið af ávöxtun sjóðsins.

Aðrar eignir (8)

Skatteign (8.1)

Tekjuskattsinnæign t.d. vegna yfirfærslu á ónotuðu skattalegu tapi tímabundins mismunar sem getur myndast við það að tekjur og gjöld er ekki skráð á sama tímabil í reikningshaldslegu og skattalegu tilliti.

Rekstrarfjármunir (8.2)

Hér undir falla húseignir og aðrar fjárfestingaeignir.

Óefnislegar eignir (8.3)

Hér undir fara viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir ef þær eru fyrir hendi.

Fastafjármunir til sölu og fullnustueignir (8.4)

Hér undir falla eignir sem skilaaðili hefur til sölu af eigin eignum ásamt veðeignum sem viðkomandi skilaaðili hefur leyst til sín vegna vanefnda á útlánnum.

Aðrar innlendar eignir ót.a. (8.5)

Hér undir fara úppgerð viðskipti við innlenda aðila, innlendar viðskiptakröfur og eignir sem ekki eru flokkaðar annars staðar.

Viðskiptakröfur á innlenda aðila (8.5.2)

Kröfur á innlenda viðskiptavini vegna seldrar vöru eða þjónustu t.d. vegna veitts greiðslufrests.

Ýmsir eignaliðir (8.5.9)

Eignir sem ótaldar eru annars staðar.

Viðskiptakröfur á erlenda aðila (8.9.1)

Kröfur á erlenda viðskiptavini vegna seldrar vöru eða þjónustu t.d. vegna veitts greiðslufrests.

Aðrar erlendar eignir ót.a. (8.9.2)

Hér undir fara úppgerð viðskipti við erlenda aðila og erlendar eignir sem ekki eru flokkaðar annars staðar.

Skuldir við Seðlabanka (100)

Lántökur gegn veði (100.1)

Lán gegn veði við lánastofnanir eru nú til 7 daga í senn. Seðlabankinn lánar fé gegn veði í verðbréfum og gengur lánið til baka að 7 dögum liðnum.

Daglán (100.2)

Daglán eru veitt að ósk lánastofnana og tryggð með sömu verðbréfum og eru hæf í lántökur gegn veði.

Afleiðusamningar við Seðlabanka (100.3)

Skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrar tegundir afleiðusamninga sem gerðir eru við Seðlabankann. Gnóttstaða færast eignamegin en skortstaða skuldamegin.

Aðrar skuldir við Seðlabanka (100.4)

Aðrar kröfur eða skuldir við Seðlabanka en vegna daglána og lántöku gegn veði.

Verðbréfaútgáfa (101)

Skuldabréfaútgáfa og víxilútgáfa til lánsfjárflyunar. Verðbréfaútgáfu er skipt upp eftir því hvort um er að ræða innlenda eða erlenda verðbréfaútgáfu. Innlendri verðbréfaútgáfu er síðan skipt upp eftir því hvort hún er verðtryggð eða ekki (óverðtryggt eða í erlendri mynt) og flokkuð eftir gjaldmiðlum

- **Innlend verðbréfaútgáfa.** Útgáfa skuldabréfa á innlendum markaði án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli verðbréfið er. Kaupendur skuldabréfanna geta ýmist verið innlendir eða erlendir aðilar.
 - **Verðtryggð verðbréfaútgáfa:** Skuldabréfaútgáfa þar sem skuldabréfin eru verðtryggð samkvæmt [reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár \(nr. 492/2001\)](#).
 - **Óverðtryggð verðbréfaútgáfa:** Skuldabréfaútgáfa þar sem skuldabréf í íslenskum krónum eru óverðtryggð eða skuldabréfin eru í erlendum gjaldmiðlum.
- **Erlend verðbréfaútgáfa.** Útgáfa skuldabréfa á erlendum markaði án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli verðbréfið er. Kaupendur skuldabréfanna geta ýmist verið innlendir eða erlendir aðilar.
- **Lánstími.** Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

Víkjandi lán (102)

Lán sem við slit eða gjaldþrot lántakanda er endurgreitt í samræmi við lánskilmála á eftir öllum öðrum kröfum á hendur lántakanda.

- **Innlend víkjandi lán:** Víkjandi lán tekið hjá innlendum aðila án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli lánið er. Skiptist í langtímalántökur og lántökur til skamms tíma.
- **Erlend víkjandi lán.** Víkjandi lán tekið hjá erlendum aðila án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli lánið er. Skiptist í langtímalántökur og lántökur til skamms tíma.
- **Lánstími.** Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

Víkjandi lán eru flokkuð eftir atvinnugreinum og gjaldmiðlum.

Beinar lántökur (103)

Bein lántaka er formlegur samningur á milli tveggja aðila (án milligöngu þriðja aðila) þar sem annar aðilinn (lánveitandi) lánar hinum (lántaki) ákv. fjárhæð gegn skriflegu loforði lántaka um endurgreiðslu lánsins skv. ákveðnum skilmálum. Innlán og útgáfa markaðsverðbréfa falla ekki hér undir. Beinum lántökum er skipt upp eftir því hvort um verðtryggð lán er að ræða eða annars konar lán (óverðtryggð eða í erlendum gjaldmiðlum) og eftir gjaldmiðlum.

- **Innlendar lántökur:** Lán tekið hjá innlendum aðila án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli lánið er. Skiptist í langtímalántökur og lántökur til skamms tíma.
- **Erlendar lántökur:** Lán tekið hjá erlendum aðila án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli lánið er. Skiptist í langtímalántökur og lántökur til skamms tíma.
- **Lánstími.** Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

Afleiðusamningar og skortstöður (104)

Samningur þar sem uppgjörskvæði samningsins byggir á þróun einhvers þáttar s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, hlutabréfagengis, hlutabréfavísitölu eða verðs á hrávörum. Virði slíks samnings byggir á þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags og engin krafa er gerð um greiðslu í upphafi samninga. Samningur af þessu tagi er gerður upp í framtíðinni. Dæmi um afleiðusamninga eru framvirkir samningar, valréttir, vaxtaskiptasamningar eða staðlaðir framvirkir samningar. Afleiðusamningar eru flokkaðir eftir tilgangi þeirra fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Í sundurliðunarblöðum eru afleiðusamningar flokkaðir eftir tegundum samnings og innan hverrar tegundar eftir mótaðilum og gjaldmiðlum.

Gnóttstaða samnings færist á eignahlið en skortstaða á skuldahlið. Virði hvers leggjar afleiðu færist í myntskiptingu sundurliðunarblaðs en í eignahlið/skuldahlið færist virði samningsins í heild.

Dæmi: Virði samnings er 10 (gnóttstaða) og er það fært í efnahag. Samningurinn inniheldur tvo leggi á móti ISK. Hagnaður er á legg í USD upp á 20 en tap á legg í CHF upp á -10 og eru þessir liðir færðir hvor um sig í myntskiptingu.

Valréttir (104.1)

Í valréttarsamningi eignast kaupandinn rétt á því að kaupa eða selja ákveðna undirliggjandi eign á fyrirfram ákveðnu verði á, eða fyrir, fyrirfram ákveðinni dagsetningu.

Framvirkir samningar (104.2)

Framvirkir samningar eru óskilyrtir samningar þar sem tveir aðilar samþykkja að skipta á fyrirfram ákveðnu magni af undirliggjandi eign á fyrirfram ákveðnu verði (e. strike price) á fyrirfram ákveðinni dagsetningu. Framvirkir samningar geta verið staðlaðir framvirkir samningar (e. futures) eða skiptasamningar (swaps). Algengustu tegundir skiptasamninga eru vaxtaskiptasamningar og gjaldmiðlasamningar. Vaxtaskiptasamningar kveða á um skipti á vaxtagreiðslum af höfuðstólum lána í sama gjaldmiðli, sem bera annars vegar fasta vexti og hins vegar breytilega vexti. Vaxtagreiðslurnar eru í sama gjaldmiðli og eru aðilar eingöngu að skiptast á vaxtagreiðslum lánanna en ekki höfuðstól þeirra. Gjaldmiðlaskiptasamningar kveða á um skipti á vaxtagreiðslum af höfuðstólum lána í tveimur mismunandi gjaldmiðlum.

Skortstöður (104.4)

Skuldi aðili meira í ákveðnum verðbréfum en eign hans nemur í sömu verðbréfum, kallast það skortstaða. Skortstöðu er skipt í tvennt eftir því hvort skortstaðan er í skuldabréfum eða hlutabréfum. Í sundurliðunarblaði eru skortstöður flokkaðar eftir gjaldmiðlum og atvinnugreinum og eignarhaldi mótaðilans. Erlendum skortstöðum með skuldabréf er jafnframt skipt upp eftir upprunalegum eftirstöðvatíma.

Vátrygginga-og lífeyrisskuldir (105)

Einungis tryggingafélög og lífeyrissjóðir fylla út þennan kafla.

Iðgjaldaskuld (105.1)

Hér undir falla fyrirframgreidd iðgjöld tryggingartaka/greiðenda í lífeyrissjóð. Einnig falla hér undir iðgjaldaskuldir tryggingarfélaga við önnur tryggingarfélög.

Tjónaskuld og lífeyrisskuldir (105.2)

Hér undir falla samþykktar en ógreiddar lífeyris- og tryggingabætur eða ekki að fullu uppgerðar. Tjónaskuld tryggingafélaga færast hér. Tjónaskuld endurspeglar þá fjárhæð sem tryggingafélag áætla fyrir óuppgerðum tjónum (bæði þau sem hafa verið tilkynnt en ekki gert upp sem og ótilkynnt tjóna).

Aðrar vátryggingaskuldir (105.3)

Hér undir falla útjöfnunar- og ágóðaskuld tryggingafélaga.

Útjöfnunarskuld er sá hluti vátryggingaskuldar sem svarar til skuldbindinga vátryggingafélags vegna sveiflna í tjónareynslu frá ári til árs og óvissu í mati tjónaskuldar

Ágóðaskuld er ágóðahlutdeild vátryggingartaka og má rekja til afkomu félagsins í heild eða í einstökum vátryggingagreinum eða afkomu í viðskiptum við einstaka vátryggingartaka. Endurgreiðsla tryggingafélaga vegna tjónaleyfis er greiðsla á ágóðaskuld.

Líftryggingarskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka (105.4)

Söfnunarlíftryggingar samstanda af líftryggingarhluta og söfnunarhluta. Í þennan lið færast skuld tryggingarfélagsins við tryggingartakann sem er jafnhá andvirði fjárfestingar fyrir söfnunarhlutann sem tryggingafélagið færir eignamegin.

Lífeyrisréttindi (105.5)

Skuld lífeyrissjóðs við núverandi og framtíðar lífeyrisþega. Í tilfalli lífeyrissjóða sem eru með launagreiðendaábyrgð skal einungis gefa upp þann hluta sem er fjármagnaður hjá sjóðnum.

Til að skipta lífeyrisréttindum milli innlendra og erlendra aðila er farið eftir búsetu þeirra sem eiga lífeyrisréttindi í sjóðnum þegar tryggingafræðilegur útreikningur er gerður. Þeir sem eiga lögheimili erlendis teljast til erlendra aðila en aðrir til innlendra. Milli tryggingafræðilegra útreikninga má nota sama hlutfall.

Aðrar skuldir (106)

Reiknaðar skuldbindingar (106.1)

Skuld þar sem tímasetning greiðslu og fjárhæð liggur ekki ljós fyrir.

Skattskuldir (106.2)

Fjárhæðir skatts sem kemur til greiðslu á síðari tímabilum vegna tímabundins mismunar á skattskyldu sem getur myndast við það að tekjur og gjöld eru ekki skráð á sama tímabil í reikningshaldslegu og skattalegu tilliti.

Annað (106.3)

Hér undir fara úppgerð viðskipti við innlenda aðila, innlendar viðskiptaskuldir og aðrar innlendar skuldir sem ekki eru flokkaðar annars staðar s.s. launaskuldir og húsaleiga.

Viðskiptaskuldir við innlenda aðila (106.3.3)

Skuldir við innlenda viðskiptavini vegna keyptrar vöru eða þjónustu – yfirleitt vegna þess að seljandi hefur veitt greiðslufrest.

Aðrar erlendar skuldir (106.9)

Hér undir fara úppgerð viðskipti við erlenda aðila, erlendar viðskiptaskuldir og erlendar skuldir sem ekki eru flokkaðar annars staðar s.s. launaskuldir og húsaleiga.

Viðskiptaskuldir við erlenda aðila (106.9.1)

Skuldir við erlenda viðskiptavini vegna keyptrar vöru eða þjónustu – yfirleitt vegna þess að seljandi hefur veitt greiðslufrest.

Aðrar erlendar skuldir ót.a. (106.9.2)

Hér undir fara úppgerð viðskipti við erlenda aðila og erlendar eignir sem ekki eru flokkaðar annars staðar.

Eigið fé

Allur eignahlutur eigenda í fyrirtæki. Mismunur eigna og skulda.

Útgefið hlutafé (200)

Nafnverð hlutafjár.

Yfirverð hlutafjár (201)

Yfirverð hlutafjár myndast þegar fyrirtæki gefur út eða kaupir og selur eigin hlutabréf. Yfirverð er þá mismunur á nafnvirði hlutafjárins og sölu- eða kaupvirði bréfanna.

Annað eigið fé (202)

Kaupréttir starfsmanna (202.2)

Kaupréttarsamningur er samningur milli vinnuveitanda og starfsmanns sem veitir starfsmanninum rétt til að kaupa ákveðið magn hlutabréfa í fyrirtækinu á ákveðnu verði, annað hvort á fyrirfram ákveðinni dagsetningu eða fyrirfram ákveðnu tímabili.

Endurmatsbreytingar (203)

Ef markaðsverð fastafjármuna er talið verulega hærra en bókfært verð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar, er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi til markaðsverðs.

Óráðstafað eigið fé (204)

Hagnaður fyrri ára sem ekki hefur verið greiddur út til hluthafa.

Eigin hlutabréf (205)

Hlutafélögum er heimilt að eiga allt að 10% af eigin hlutabréfum.

Hagnaður/-tap ársins (206)

Hagnaður/- eða tap á rekstri yfirstandandi rekstrarárs.

Arður innan árs (207)

Ógreiddur arður ársins.

Sundurliðun lífeyrisjóðslán

Nýtt útlán í mánuði

Nýtt lán sem veitt er í mánuði. Miðað er við afgreidd lán til sjóðfélaga innan mánaðarins. Bæði þarf að gefa upp fjölda veittra lána og fjárhæð.

Heildarfjöldi útlána

Heildarfjöldi allra útstandandi lána til sjóðfélaga í lok mánaðar

Vaxtakjör

Vaxtakjör sem eru í gildi í lok viðkomandi mánaðar

Fastir vextir

Vextir sem haldast óbreyttir út lánstíma eða ef samið er um fasta vexti lengur en til 12 mánaða í senn.

Breytilegir vextir

Vextir eru taldir breytilegir þegar þeir breytast eftir fyrirfram ákveðnu viðmiði, t.d. mánaðarlega eða árlega í samræmi við ákvæði í lánasamningi.

Grunnlán

Útlán til sjóðfélaga upp að ákveðnu veðsetningarhlutfalli (t.d. 65%)

Viðbótarlán

Útlán til sjóðfélaga sem fara neðar í veðröð heldur en grunnlán, oft með hærri vöxtum. Svokölluð hattalán.

Viðauki 1. Flokkunartafla ÍSAT 2008

Flokkun Sí		ÍSAT flokkun	Rekstrarform
S.11	Atvinnufyrirtæki	Samtals	
S.11.LAB	Landbúnaður	01, 02	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.SJA	Fiskveiðar	03	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.ILA	Iðnaður vinnsla landbúnaðarafurða	10.1,10.3,10.4,10.5,10.6	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.ISJ	Iðnaður vinnsla sjávarafurða	10.2	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.IAN	Iðnaður annað	05-09, 10.7- 33	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.RAF	Veitur (orku- og vatnsveitur)	35, 36	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.MAN	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	41-43	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.VEN	Verslun o.fl.	45-47	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.SAG	Samgöngur og flutningar	49-53	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.THF	Þjónusta fasteignafélög	68.10 og 68.20	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.THH	Þjónusta starfsemi höfuðstöðva	70.10	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
		37-39, 55-63, 68.30, 69, 70.2-98	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4
S.11.THA	Þjónusta annað	- (84.25, 93.12, 94.12, 94.20, 94.91, 94.92 94.99)	Ekki rekstrarform KX, K1, K2, K3, K4, N1, N2, NX, H1, H2, HX, P1
S.11.OFL.	Óflokkað	99.99.9	
S.12	Fjármálageiri	Samtals	
S.121	Starfsemi seðlabanka	64.11	
S.122	Innlánsstofnanir	64.19	
S.122X	Innlánsstofnanir í slitameðferð	Kennitölulisti	
S.123	Peningamarkaðssjóðir	Kennitölulisti	
S.124	Aðrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	Kennitölulisti	
S.125	Önnur fjármálafyrirtæki	64.91, 64.92 , 64.99	
S.125X	Önnur fjármálafyrirtæki í slitameðferð	Kennitölulisti	
S.126	Fjármálaleg hliðarstarfsemi	64.30, 66.11, 66.12, 66.19, 66.21, 66.22, 66.29, 66.30	
S.127	Innbyrðis fjármálastarfsemi	64.20	
S.128	Vátryggingarfélag	65.11, 65.12 og 65.20	
S.129	Lífeyrissjóðir	65.30	
S.13	Hið opinbera	Samtals	
S.1311	Ríkissjóður	01-63, 68-69 70-98	Rekstrarform KX, K1, K3, K4
S.1313	Sveitarfélög	01-63, 68-69 70-98	Rekstrarform K2
S.14	Heimili	Kennitala sem byrjar á 01-31 og lögheimili á Íslandi	
S.15	Félagasamtök sem þjóna heimilum	84.25, 93.12, 94.12, 94.20, 94.91, 94.92, 94.99,99.99	Rekstrarform N1, N2, NX, H1, H2, HX, P1
S.2	Erlendir aðilar	99.0 og utangarðskennitölur sem eru með erlent ríkisfang, kennitala sem byrjar á 1-31 og lögheimili erlendis	
S.2.ERS	Seðlabankar		
S.2.ERI	Innlánsstofnanir		
S.2.ERP	Peningamarkaðssjóðir		
S.2.ERV	Aðrir verðbréfa og fjárfestingarsjóðir		
S.2.ERF	Fjármálafyrirtæki (ótalinn annars staðar)		
S.2.ERO	Opinberir aðilar (ríki og sveitarfélög)		
S.2.ERA	Önnur atvinnufyrirtæki, heimili og þjónusta við heimili		

Ekki eru til ÍSAT-flokkarnir á erlendum aðilum í fyrirtækjaskrá. Hver skilaaðili þarf því að flokka sjálfur þá erlendu aðila sem eru í viðskiptum.

Viðauki 2. Rekstraform

Rekstrarform	
K1	Ríkisstofnun
K2,	Stofnun sveitarfélags
K3	Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélags
K4	Opinber aðili
KX	Útibú ríkisstofnunar/sveitarfélags
B2	Sameignarfélag opinberir aðilar
C2	Byggðasamlag (bs)
N1	Félagasamtök
N2	Áhugamannafélag
NX	Önnur félagasamtöl/áhugamannafélög
H1	Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses)